

Sp.

49. Fyrirspurnir.

[48. mál]

I. Til menntamálaráðherra um framkvæmd á verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar.

Frá Alexander Stefánssyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um verndun og könnun á lífríki Breiðafjarðar sem samþykkt var á 100. löggjafarþingi, 22. mars 1979?

II. Til samgönguráðherra um framkvæmd laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

Frá Alexander Stefánssyni.

1. Hvað líður framkvæmd 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála frá 2. maí 1977 þar sem segir í 2. málsgrein: „Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á“?
2. Hvernig og eftir hvaða reglum framkvæmir Landssíminn gjaldtöku símtala í gegnum svokallaðar „hnútsstöðvar“, sem settar hafa verið upp víðs vegar um land í sambandi við framkvæmd lagningar sjálfvirks síma um landið skv. lögum frá 18. maí 1981?